



Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi

Kópavogur, 24. apríl 2017

Efni: Tillaga til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) hefur borist erindi Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 17. mars 2017 um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál.

FÍA hefur lesið yfir fyrirleggjandi tillögu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Líkt og fram kemur í tilvísuðu minnisblaði Deloitte um hagkvæmnisathugun vegna flutnings starfsemi Landhelgisgæslu Íslands til Suðurnesja frá apríl 2011 mun flutningur Landhelgisgæslunnar (LHG) til Keflavíkurflugvallar hafa mikil áhrif á flugdeild LHG og tekur FÍA undir það.

Þá er staðhæft í tillögu til þingsályktunar að þjónusta og öryggi LHG muni aukast við flutning gæslunnar til Keflavíkur þar sem m.a. viðbragðstími LHG muni stytast. Þegar tölfraði útkalla LHG er yfirfarin eru helstu þjónustusvæði LHG fyrir austan Reykjavík, norð- og suð-austur af Reykjavík en einungis 10% útkalla eru suður frá Reykjavíkurflugvelli. Af þessu leiðir að viðbragðstími LHG lengist fyrir hvern fluglegg þ.e. frá Keflavík að útkallsstað um ca. 10 mínútur sem er flugtíminn frá Keflavík til Reykjavíkur. Viðbragðstími LHG mun því lengast sem því nemur í hverju útkalli líkt og tilgreint er í minnisblaði Deloitte. Auk þess sem rekstrarkostnaður og eldsneytiskostnaður þyrlunnar mun aukast samhliða lengdum flugtímum.

Þá kemur fram að bakvaktsfyrirkomulagi þyrlusveitar þurfi að breytast í viðverufyrirkomulag og fjölga þyrluflugmönnum um 50% af þessu leiðir veruleg aukning á rekstrarkostnaði. Einig segir í tillögunni að á sama tíma myndi breytt vaktafyrirkomulag stytta viðbragðstíma áhafna og auka öryggi. Tillaga um 50% aukningu á þyrluflugmönnum miðast við eina viðveruvakt í Keflavík en hin vaktin yrði áfram með bakvaktsfyrirkomulagi í Reykjavík. FÍA vill vekja athygli á að þegar einungis ein viðveruvakt er til staðar leggur sú vakt ekki af stað, t.d. í verkefni út á sjó, fyrr en bakvakt er komin á starfstöð og tryggt að viðveruvaktin hafi þann stuðning sem nauðsynlegur er þegar lagt er af stað í áhættusöm verkefni. Bíða þyrfti eftir bakvakt frá Reykjavík til Keflavíkur sem myndi leiða til lengri útkallstíma. Sé vilji til að stytta viðbragðstíma þyrfti að bæta við annarri viðveruvakt þannig að tvær viðveruvaktir yrðu í Keflavík. Áhafnaþörf myndi aukast um 100% miða við núverandi fjölda þyrluflugmanna og kostnaðaðarútreikningar samhliða þeirri forsendu. Þá vill FÍA benda á reglugerð um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugverjasem setja einnig skorður á vaktafyrirkomulag þyrluflugmanna.

Þá liggur fyrir að veðurfarslega er óhagstæðara að flytja starfsemi flugdeildar LHG á Miðnesheiði á Suðurnesjum. Oftar en ekki þurfa sjúklingar sem fluttir eru með þyrlu LHG að komast í læknaþjónustu í Reykjavík og þarf þyrlan að fljúga til Keflavíkur að því loknu sem lengir flugtíma og kostnaður eykst samhliða. Ef starfsemi flugdeildar LHG verður flutt til Keflavíkur má búast við aukningu lendinga á sjúkrahúsi og lengri flugtíma þyrlunnar ef starfstöð LHG verður flutt frá Reykjavíkurflugvelli.



Auk þess, telur FÍA að endurskoða þurfi upplýsingar og forsendur í minnisblaði Deloitte frá apríl 2011 vegna aldurs en eins og fram kemur í minnisblaðinu byggja ákveðnir kostnaðarliðir á gengi erlendra gjaldmiðla. Þá er sérstaklega vakin athygli á því að í minnisblaði Deloitte er tekið fram að ekki er fjallað um kostnað við „standsetningu á húsnæði“. Í tillögu til þingsályktunar segir að „[á] öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli er til staðar afar heppileg aðstaða fyrir alla starfsemi Landhelgisgæslunar til framtíðar“. FÍA fær ekki séð að farið hafi fram mat á hverjar séu þarfir flugdeildar fyrir hentugu húsnæði auk þess sem engar upplýsingar um kostnað liggja fyrir þrátt fyrir að staðhæft sé að „óverulegar breytingar“ þurfi að gera á byggingum svo þær henti starfsemi gæslunnar.

Að lokum vill FÍA koma á framfæri að félagið tekur ekki afstöðu til staðsetningar LHG, en leggur áherslu á að við ákvörðun um framtíðarstaðsetningu sé tekið mið af hlutverki LHG og að tryggt verði fjármagn og aðstaða til að standa undir lögboðnu hlutverki sínu.

f.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna

Erna Á. Mathiesen, hdl.